

Deildir

Stjórnsýslu- og rekstrardeild

Alþjóðadeild

Lagadeild

Menntunar- og fræðsludeild

Sérverkefni

Hlutverk

Fjármálastjórn og bókhald, áætlanagerðir, útgáfustarfsemi, skjálavarsla, frágangur og útsending sektarboða. Alþjóðasamskipti á sviði löggæslu, Interpol, Sirene, Baltcom, PTN.

Álitsgerðir, umsagnir lögfræðilegs eðlis.

Fræðslumál og málefni Lögregluskóla ríkisins.


Eftir nánari ákvörðun ríkislögreglustjóra.

Rekstur embættis ríkislögreglustjórans árið 1999

Rekstraryfirlit í rauntölum 1999

	<i>Krónur</i>
Laun	216.529.000
dagvinna	94.138.000
vaktaálag	16.871.000
aukagreiðslur	4.330.000
yfirvinna	67.194.000
launatengd gjöld	33.996.000
Ferðir og fundir	30.375.000
ferða- og dvalarkostnaður innanlands	10.907.000
ferða- og dvalarkostnaður erlendis	14.485.000
fundir, námskeið og risna	3.633.000
akstur	1.350.000
Rekstrarvörur	10.942.000
tímarit, blöð og bækur	1.225.000
skrifstofuvörur og áhöld	4.016.000
aðrar vörur	5.701.000
Aðkeypt þjónusta	55.105.000
tölvu- og kerfisfræðiþjónusta	8.975.000
önnur sérfræðiþjónusta	11.926.000
sími og ýmis leigugjöld	12.506.000
prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	21.698.000
Húsnæði	24.514.000
húsaleiga og aðkeypt ræsting	20.669.000
rafmagn og heitt vatn	1.646.000
verkkaup og byggingarvörur	883.000
fasteignagjöld og tryggingar	1.316.000
Bifreiðar og vélar	354.000
verkstæði og varahlutir	38.000
eldsneyti og olía	316.000
Vextir, bætur og skattar	483.000
Eignakaup	5.384.000
Tilfærslur	512.000
Rekstrarkostnaður alls	344.198.000
Sértekjur samtals	-19.342.000
Gjöld umfram sértekjur	324.856.000

Skipting útgjalda



Fjárveiting 357.093.000 kr.

Raunkostnaður 324.856.000 kr.

Frávik 32.237.000 kr.

Frávik námu um 9%, sem að hluta til stafa af sérstakri fjárveitingu upp á 30 milljónir króna vegna eignakaupa. Þau kaup koma til vegna þess að embættið tók á leigu nýtt húsnæði, sem var á byggingarstigi og áætlað að flytja inn í það vorið 2000.

Viðfangsefni

Eftir að embætti ríkislögreglustjórans tók til starfa hefur viðfangsefnum fjölgað jafnt og þétt umfram það sem varð séð fyrir við gildistöku lögreglulaganna.

Gróf sundurlíðun skráðra viðfangsefna hjá ríkislögreglustjóranum árið 1999

Fyrirspurnir og ýmis smærri erindi	124	Tölvumál	52
Alþjóðadeild	299	Umferðarmálefni	39
Björgunarmál	17	Öryggismálefni	62
Efnahagsbrotadeild	314	Annað	388
Stjórnsýslu- og rekstrardeild	30	Sérsvait lögreglunnar	12
Menntunar- og fræðslumál	18	Tækja- og búnaðardeild	64
Afgreiðsla leyfa	620	Alþjóðleg lögreglustörf	14
Rannsóknadeild	353	Forvarnir	8
Starfsmannahald	239	Vegabréfaútgáfa	4
Tæknirannsóknastofa	300		
		Samtals	2.957

Innra skipulag

Nýtt skipurit tók formlega gildi 1. janúar 1999, þó unnið hafi verið eftir því frá nóvember 1998. Í samræmi við hið nýja skipurit var embætti ríkislögreglustjórans skipt upp í 5 svið. Haustið 1998 fór fram mikil undirbúningsvinna hjá embættinu til að mæta þeirri breytingu sem leiddi af tilkomu sérstakra sviðstjóra.

Starfsmenn voru 43 í árslok 1999^[Varnan1]; ríkislög-reglustjóri, vararíkislögreglustjóri, saksóknari, þrjú yfirlögregluþjónar, tveir lögfræðingar, níu aðstoðaryfirlögregluþjónar, sextán lögreglu-fulltrúar, einn aðalvarðstjóri, tveir varðstjórnar, fimm skrifstofumenn og tvær matráðskonur.

Markmiðinu með skiptingu embættisins niður í sérstök svið, er þannig lýst í bréfi ríkislögreglustjóra til dómsmálaráðuneytisins þann 9. febrúar 1999:

"Markmið þessa fyrirkomulags er að fela yfirmönnum ríkislögreglustjórans meiri ábyrgð í rekstri embættisins, veita þeim sveigjanleika í stjórnun bæði manna og verkefna og bæta kostnaðarvitund starfsmanna og aðhald í rekstri. Einnig að stuðla að því að rekstur embættisins sé samkvæmt fjárheimildum og rekstrarfé verði nýtt á sem hagkvæmastan hátt. Fjárveitingum verði markvisst varið til að mæta þeim verkefnum sem til embættisins heyra og nýttar sem best í þágu hins opinbera. Ábyrgð yfirstjórnar ríkislögreglustjórans á fjármálum embættisins verði skýrt mörkuð."

Úttektir og tillögur vegna Schengen-samstarfsins

Mikil vinna hefur verið lögð í undirbúning aðildar Íslands að Schengen-samningnum.

Hafnir og flugvellir

Með bréfum dómsmálaráðuneytisins í janúar og febrúar 1999 var ríkislögreglustjóranum falið að sinna undirbúningi vegna tveggja málaflokka er lúta að undirbúningi að Schengen-aðild. Um var að ræða uppsetningu á SIRENE-skrifstofu ríkislögreglustjórans og úttekt og tillögur um persónueftirlit á landamærum, að undanskildum

Keflavíkurflugvelli. Starfsmenn sviða 1 og 4 unnu að þessu viðfangsefni, sem var skipt niður í eftirfarandi þætti:

- Tölulegar upplýsingar um umferð flugvéla og skipa til og frá landinu um flugvelli og hafnir á Íslandi.
- Úttekt á stöðu landamæraeftirlits á Íslandi að Keflavíkurflugvelli undanskildum. Þar koma einnig fram helstu atriðin um það, hvaða ráðstafanir þurfi að gera í hverju umdæmi.
- Tillögur um búnað og fyrirkomulag á landamærastöðvum.
- Skýrslu um hvernig landamæraeftirliti verði háttað með tilkomu Schengen-samningsins.

Vegna úttektarinnar var ferðast víða innanlands til að kynna sér framkvæmd og stöðu landamæraeftirlits, og teknar saman tillögur um úrbætur og fyrirkomulag, sem uppfylla skilyrði Schengen-aðildar. Að úttektinni unnu Þórir Oddsson, vararíkislögreglustjóri, Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn, og Bjarni Ólafur Ólafsson, lögreglufulltrúi. Þá kom Kristján H. Kristjánsson, lögreglufulltrúi, að sumum þáttum hennar. Þessu verki lauk í desember og var dómsmálaráðuneytinu afhent lokaskýrsla um landamæraeftirlitið.

Keflavíkurflugvöllur

Guðmundur Guðjónsson, yfirlögregluþjónn, var í nefnd er vann að úttekt og tillögum um framkvæmd landamæraeftirlits á alþjóðaflugvöllum. Aðrir í hópnium voru Einar Gunnarsson, sendiráðsritari í utanríkisráðuneytinu, sem jafnframt var formaður, Högni Kristjánsson, fulltrúi dómsmálaráðuneytisins, og Sævin Bjarnason, aðaldeildarstjóri hjá tollgæslunni á Keflavíkurflugvelli. Aðstoðarmaður hópsins var Halldór Rósmundur Guðjónsson, varðstjóri í lögreglunni á Keflavíkurflugvelli. Starfshópurinn fór í september í kynnisferð um Kastrupflugvöll í Danmörku, Frankfurtflugvöll í Þýskalandi og Barajasflugvöll á Spáni. Hópurinn lauk störfum og skilaði af sér skýrslu í október.

Undirbúningur að fræðslu og þjálfun vegna Schengen-samningsins

Bjarni Ólafur Ólafsson, lögreglufulltrúi hjá embætti ríkislögreglustjórans, er í vinnuhópi ásamt fulltrúum frá Lögregluskóla ríkisins, dómsmálaráðuneytinu og sýslumanninum á Keflavíkurflugvelli, um að skipuleggja fræðslu vegna tilkomu Schengen-samningsins. Hópurinn hefur unnið námsefni upp úr gögnum frá Noregi, Danmörku, Finnlandi og Svíþjóð, sem talið er best henta fyrir Íslendinga. Þessu námsefni er skipt í tvo hluta, til 1. og 2. stigs fræðslu. Greint hefur verið hverjir þurfa á Schengenfræðslu að halda og er áætlað að um 1.000 manns fari í gegnum 1. stigs fræðslu. Áætlað var að fræðslan hæfist í mars 2000 hjá Lögregluskóla ríkisins. Smári Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn alþjóðadeildar ríkislögreglustjórans, mun annast 1. stigs fræðslu um Schengen-samstarfið í Lögregluskóla ríkisins.

Alþjóðadeild

Skipting mála

Málum þeim sem skráð voru til úrvinnslu í alþjóðadeild fjölgaði verulega á árinu. Þau urðu 299 en voru 218 árið 1998.

Lögregluembætti landsins gera sér æ betur ljóst hve margháttaða aðstoð deildin getur veitt við rannsókn sakamála og aðra daglega vinnu lögreglunnar. Með samskiptaneti Interpol getur deildin verið í samskiptum við lögreglu í nær öllum löndum heims. Samvinna lögreglu á Norðurlöndum er mjög greið, og upplýsingar og aðstoð yfirleitt auðfengin.

Skipting mála var með eftirfarandi hætti:

Interpol	202
PTN (norrænt lögreglu- og tollsamstarf)	19
Baltcom	5
Schengen	20

Önnur mál

Tæknirannsóknir	4
Fikniefnamál	10
Alm. afgreiðsla	13
Ökuskirteini	4
Efnahagsbrot	3
Uppl./rannsóknaraðstoð	6
Peningaþvætti	2
Öryggismálefni	3
Umferðarmálefni	2
ID mál	2
Europol	3
Tölvumál	1
Samtals:	299

Starfsmannamál

Starfsmannafjöldi alþjóðadeildar var sá sami og frá stofnun embættisins þann 1. júlí 1997; aðstoðaryfirlögregluþjónn og lögreglufulltrúi.

Á árinu var farið að huga að fjölgun starfsmanna vegna aukins málafjölda en þó fyrst og fremst vegna undirbúnings Schengen-samstarfsins.

Interpol

Sem fyrr eru flest mál deildarinnar tengd Interpol – alþjóðasambandi sakamála lögreglu. Málín eru mjög fjölbreytt. Upplýsingar berast og eru sendar um fikniefnamál, eftirlýsta sakamenn og týnt fólk. Einnig berast iðulega fyrirspurnir um íslenska löggjöf á ýmsum

sviðum. Þegar Íslendingar eru handteknir erlendis er yfirleitt óskað upplýsinga um brotaferil þeirra hérlendis. Að sama skapi leitar deildin upplýsinga um brotaferil þeirra útlendinga sem handteknir eru á Íslandi. Alþjóðadeildin annast milligöngu um skýrslutöku af vitnum og sakborningum á milli Íslands og útlanda og framsendir einnig mál til rannsóknar að öðru leyti milli landa. Málum, sem tengjast ólöglegum innflytjendum á Íslandi, hefur fjölgað talsvert.

ID-nefnd. Vinna í Kosovo

Dómsmálaráðuneytið skipaði frá 1. apríl 1999 nýja fulltrúa í nefnd er hefur það hlutverk að bera kennsl á látna menn og gengur undir heitinu ID-nefnd. Lögreglufulltrúi alþjóðadeildar var skipaður í hana. Nefndin vinnur eftir stöðlum og notar eyðublöð og tölvuforrit sem Interpol hefur útbúið. Vegna eðlis starfa nefndarinnar getur þurft á greiðum samskiptum við lögreglu erlendis að halda. Því er tenging hennar við alþjóðadeildina talin vera kostur.

Þann 21. júní 1999 barst alþjóðadeild erindi framkvæmdastjóra Interpol þar sem farið var fram á aðstoð íslenskra sérfræðinga vegna rannsóknarstarfa alþjóðadómstóls stríðsglæpa í löndum fyrrum Júgóslavíu. Nánar er fjallað um störf ID-nefndar í kafla um svið 4.

Evrópuþing Interpol

Á 28. Evrópuþingi Interpol, sem haldið var í Oslo 2.-4. júní 1999, bar Haraldur Johannessen, ríkislögreglustjóri, fram boð ríkisstjórnar Íslands um að halda 29. Evrópuþingið í Reykjavík 17.-19. maí 2000. Fundarstaðurinn var samþykktur og þar með hófst mikil undirbúningsvinna. Ríkislögreglustjórinn skipaði undirbúningsnefnd með fulltrúum alþjóðadeildar, dómsmálaráðuneytisins, lögreglustjórans í Reykjavík, lögreglustjórans á Keflavíkurflugvelli og Útlendingaeftirlitsins, og var Smári Sigurðsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn, formaður hennar.

Dæmi um mál sem tengjast Interpol árið 1999

Íslenskur síbrotamaður var handtekinn 11. september í Kaupmannahöfn fyrir búðarhnupl. Lögreglan þar leitaði upplýsinga um hann hjá alþjóðadeildinni. Í ljós kom að hann var erlendis til að komast hjá afplánun 30 mánaða fangelsisdóms sem Hæstiréttur Íslands dæmdi í mars 1999. Hann var úrskurðaður í gæsluvarðhald í Kaupmannahöfn og fluttur til Íslands af starfsmönnum alþjóðadeildar 19. september til afplánunar dómsins.

Þann 3. mars var Íslendingur um fertugt handtekinn í Frakklandi með 50 kg af kannabis í bifreið sinni. Hann var dæmdur í þriggja ára fangelsi af dómara í Perpignan 13. júlí. Áætlað er að hann losni úr frönsku fangelsi 4. mars 2002. Samskipti við frönsk yfirvöld vegna þessa máls fóru um alþjóðadeildina.

Í nóvember 1999 komst upp um tilraun til smygls á 30 kg af hassi frá Spáni til Íslands. Málið er unnið í samvinnu yfirvalda á Íslandi og Spáni, og er ódæmt í því á þessu stigi.

Svokallað “Þórskaffismál” var viðamikilið í rannsókn á árinu og kom meðal annars til kasta alþjóðadeildar. Hollensk nektardansmær hlaut 42 mánaða fangelsisdóm fyrir smygl á 969 e-töflum til landsins í júlí 1999.

Svokallað “Stóra fikniefnamál” kom til kasta alþjóðadeildar. Þann 11. september lýsti alþjóðadeildin eftir tveimur höfuðpaurum málsins í gegnum Interpol; starfsmanni Samskipa í Kaupmannahöfn og manni sem var talinn útvega fikniefnin erlendis. Þeir voru handteknir í Kaupmannahöfn 26. september og sóttir þangað af íslenskum lögreglumönnum þann 28. september. Mennirnir sátu í gæsluvarðhaldi þar til dómur gekk.

Í nóvember teygði anga sína hingað til lands umfangsmikið fjárkúgunarmál. Í Þýskalandi höfðu óþekktir afbrotamenn undangengna 13 mánuði reynt að kúga mikið fé (jafnvirði yfir 300 milljónir ísl. kr.) út úr Nestlé matvælaframleiðandanum með því að setja viðvörunarmiða á matvörur, meðal annars barnamat. Fullyrt var á þessum miðum að eitur væri í matnum og í sumum tilfellum var búið að setja skordýraeitur í hann. Dagana 11. og 12. nóvember könnuðu fjárkúgararnir í nokkur skipti hvort búið væri að leggja inn á reikning þeirra á Grenada. Þetta könnuðu þeir á Internetinu í gegnum tölvubúnað íslenskrar netþjónustu. Þann 12. nóvember barst formleg aðstoðarbeiðni frá lögreglu í Þýskalandi og sama dag fékk efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjórans dómsúrskurð frá héraðsdómi Reykjavíkur til að unnt væri að afla upplýsinga um þessar tengingar hjá internetþjónustunni. Alþjóðadeild og rannsóknadeild unnu fljótt og vel að rannsókn málsins, og umbeðnum gögnum var komið í hendur þýskrar lögreglu sem komst á spor brotamannanna. Endi var bundinn á þetta óhugnanlega mál þann 29. desember er lögreglan í München handtók þar sem stóð á bak við það.

Europol

Dómsmálaráðuneytið hóf á árinu viðræður og samskipti við Europol, lögreglustofnun Evrópusambandsins. Í september fór íslensk sendinefnd á fund Storbeck, framkvæmdastjóra Europol í Haag, Hollandi. Aðstoðaryfirlögregluþjónn alþjóðadeildar var einn fulltrúi í þeirri sendinefnd. Undirbúningi samstarfs við Europol verður haldið áfram undir forystu dómsmálaráðuneytisins.

Schengen / SIRENE

Áætlað er að Norðurlöndin verði virkir þátttakendur í Schengen-samstarfinu þann 25. mars 2001 og opni þá landamæri sín gagnvart öðrum aðildarlöndum Schengen-samningsins en taki þá um leið upp öfluga vörslu á svokölluðum ytri landamærum. Í alþjóðadeildinni verður starfrækt SIRENE-skrifstofa. Ein slík skrifstofa er í hverju aðildarríki Schengen-samningsins. Þar í gegn fara öll samskipti lögreglu vegna samningsins, svo sem gagnkvæm aðstoð í sakamálum og eftirlýsingar brotamanna, fólks sem saknað er, stolinna muna, falsaðra skilríkja og annað. Lögreglunni í landinu verður tryggður leitaraðgangur að SIS-kerfinu (Schengen Information System) þar sem framantalið verður skráð. Áætlað er að 250 útstöðvar verði í landinu þar sem lögreglan getur leitað í SIS. SIRENE-skrifstofan verður hinsvegar eina stofnunin sem getur fært íslenskar skráningar í SIS og þar munu öll samskipti við lögreglufyrirvöld annarra Schengenríkja fara um að því er slík mál varðar.

Mikill tími fór á árinu 1999 í undirbúning vegna þessa málaflokks. Hér heima var unnið að undirbúningi tölvumála, annarsvegar fyrir íslenska hluta SIS-kerfisins og hinsvegar skjalavörslu- og samskiptakerfi fyrir SIRENE-skrifstofuna. Fulltrúar frá Skráningarstofunni unnu að þeim málum með alþjóðadeildinni bæði hér heima og á vinnufundum erlendis, einkum í Brüssel.

Jafnframt var farið að huga að þjálfunarmálum, bæði starfsmanna alþjóðadeildar og annarra lögreglumanna, tollvarða og fleiri aðila á landinu öllu. Það verkefni er undir stjórn Lögregluskóla ríkisins. Undirbúningurinn krafðist einnig fundasóknar erlendis og fóru starfsmenn deildarinnar á 10 slíka fundi á árinu. Fulltrúi dómsmálaráðuneytisins í sendiráði Íslands í Brüssel sótti einnig marga Schengenfundu þar í borg og sendi embættinu skýrslur.

Í desember voru auglýstar tvær stöður lögreglufulltrúa og tvö störf skrifstofumanna. Í ljósi þeirra umsókna sem bárust var ákveðið að skipa fjóra lögreglufulltrúa en fresta ráðningum skrifstofufólks.

Menntun lögreglumanna

Fjárheimildir Lögregluskóla ríkisins 1999

Fjárheimildir skólans fyrir árið 1999 voru verulega auknar frá því sem áður hefur verið og eru nú 86 milljónir króna. Þessi hækkun er einkum til komin vegna þess að frá og með vorönn 1999 eru lögreglunemar á síðari önn starfsmenn skólans en ekki annarra lögregluembætta eins og áður var. Hækkunin stafar því af launakostnaði vegna nema og kostnaði við einkennisfatnað þeirra sem stunda nám á báðum önnum skólans, og þeirra sem eru í starfsþjálfun.

Starfsmenn skólans

Fastir kennarar við skólann eru 5 auk skólastjóra og er það óbreyttur fjöldi frá fyrri árum. Auk þeirra eru tveir starfsmenn við skrifstofu- og ræstingastörf.

Skólastjóri Lögregluskóla ríkisins er samkvæmt lögum skipaður af dómsmálaráðherra til fimm ára í senn. Hann skal fullnægja sömu skilyrðum fyrir skipan í embætti og lögreglustjórar, og hafa staðgóða þekkingu á lögreglumálefnum. Yfirlögregluþjónn og aðstoðaryfirlögregluþjónn skulu einnig starfa við skólann og ráðning þeirra er með sama hætti.



Lögregluskóli ríkisins er starfráttur að Krókhálsi 5a. Á árinu 1999 var bætt við tveimur kennslustofum í húsi 5b.

Helstu nefndir

Skólanefnd er skipuð sex fulltrúum sem tilnefndir eru af ríkislögreglustjóra, lögreglustjóranum í Reykjavík, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna, Félagi íslenskra rannsóknarlögreglumanna og Lögreglufélagi Reykjavíkur. Auk þeirra sitja skólastjóri og yfirlögregluþjónar skólans fundi nefndarinnar. Skólanefndin hélt alls þrjá fundi á árinu. Nefndin er vettvangur skoðanaskipta um menntun lögreglumanna. Vararíkislögreglustjóri er formaður skólanefndar.

Valnefnd velur nema í skólann og auk þess hefur henni verið falið að velja friðargæsluliða til starfa í fyrrum ríkjum Júgóslavíu. Hélt nefndin alls 9 fundi á árinu. Valnefnd skipa

fimm fulltrúar, tilnefndir af dómsmálaráðherra, ríkislögreglustjóra, Sýslumannafélagi Íslands, Landssambandi lögreglumanna og Lögregluskóla ríkisins. Sæmundur Hafsteinsson, sálfræðingur, er ráðgjafi nefndarinnar og situr fundi hennar þegar fjallað er um friðargæsluliða. Formaður nefndarinnar er Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlöggluþjónn við skólann. Á árinu bárust 88 umsóknir um skólavist, og nefndin fjallaði um og mat umsóknir 12 lögreglumanna um friðargæslustörf í Bosníu eða Kosovo.

Hlutverk Lögregluskóla ríkisins

Samkvæmt 36. gr. lögreglulaganna er hlutverk Lögregluskóla ríkisins eftirfarandi:

1. Lögregluskóli ríkisins er sjálfstæð stofnun. Skólinn skal starfrækja grunnnámsdeild er veiti lögreglumönnum menntun í almennum lögreglufræðum og framhaldsdeild er veiti starfandi lögreglumönnum símenntun, framhaldsmenntun og sérmenntun.
2. Lögregluskóli ríkisins skal vera vettvangur rannsókna í lögreglufræðum og stjórnvöldum til ráðgjafar um lögreglumálefni.

Starfsmenn skólans sitja í nokkrum nefndum sem fulltrúar hans eða ráðuneytisins. Má helstar nefna auk áðurtalinna: Nefnd um Schengenfræðslu; starfsgreinaráð; starfs- og frammistöðumat; laga- og umsagnanefnd ríkislögreglustjóra, nefnd um endurkomu lögreglumanna, nefnd um sérstakar viðurkenningar vegna starfa í lögreglu, nefnd um stefnumörkun og markmiðasetningu lögreglu til næstu fimm ára, yfirumsjón með öndunarsýnamælum, starfshóp um verklagsreglur við eftirför og nefnd um miðlæg, samræmd tölvuforrit lögreglu.

Skólanum var falið að sjá um skipulag og framkvæmd allrar Schengenfræðslu fyrir hönd ráðuneytisins og var Eiríkur Hreinn Helgason, aðstoðaryfirlöggluþjónn, fenginn til þess að hafa yfirumsjón með henni.

Kennsla við skólann

Að venju var kennt á tveimur önnum, fyrri og síðari. Voru tvær bekkjardeildir á hvorri önn með alls 62 nemendum. Einn nemandi stóðst ekki lokapróf fyrri annar og þrír stóðust ekki lokapróf síðari annar. Þeir síðarnefndu settust aftur á seinni önn en sá er féll á fyrri önn hefur ákveðið að fresta námi a.m.k. um eitt ár. Fimm nemendur féllu í einni grein en náðu allir endurtökuprófi.

Þá komu kennarar skólans að kennslu hjá Landhelgisgæslunni eins og mörg undanfarið ár.



Útskriftarnemar frá Lögregluskóla ríkisins vorið 1999

Sama skipulag var á starfsþjálfun og undanfarið. Tilsjónarmenn voru skipaðir fyrir hvern nema, og kennarar fóru tvisvar á árinu til viðtals við þá og nemana.

Námskeið við skólann

Mörg námskeið voru haldin á árinu og fer þeim hratt fjölgandi. Í grunnnámsdeild voru haldin alls 26 námskeið fyrir 257 þátttakendur og í framhaldsdeild alls 15 námskeið með 231 þátttakanda. Þrjátíu og níu kennarar og leiðbeinendur komu að kennslu á þessum námskeiðum.

Nokkur námskeið sem haldin voru í grunnnámsdeild:

- Akstursþjálfun starfsþjálfunarnema
- Námskeið í meðferð Glock 17 skammbyssu
- Skotvopnanámskeið fyrir yfirmenn áhafna Landhelgisgæslunnar
- Afleysinganámskeið
- Afleysinganámskeið haldið á Akureyri
- Radarnámskeið
- Radarnámskeið haldið í Stykkishólmi
- Tölvunámskeið

Helstu námskeið í framhaldsdeild:

- Námskeið í meðferð rauðljósamyndavéla
- Bifhjólánámskeið
- Rannsóknarlögreglumannanámskeið 1
- Símenntunarnámskeið fyrir þá sem hafa verið fimm ár í starfi